



ATVINNU-, FERÐA OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS

7. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn mánudaginn 6.nóvember 2023 kl. 17:00 á Sæsabar á Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eypórsdóttir, formaður. Herberts Haukssonar og Arna Þöll Sigmundsdóttir. Formaður ritaði fundargerð í tölvu, setti fund og stjórnáði.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Jólamarkaður 2.desember

Nefndin lagði upp dagskrá fyrir jólamarkaðinn.

13:45 - kveikt á jólatré og sveitarstjóri / oddviti heldur ræðu.

14:00 - markaður opnar

14:00 - 16:00 - blaðrarinn kemur og býr til blöðrudýr fyrir börninn

14:30 - tónlistaratriði - Valdís Una og Perla (3-5 lög á mann)

15:00 - jólasveinar gefa mandarínur

16:00 - markaður lokar

Verkaskipting nefndar:

Ragnhildur hefur samband við skólann vegna mandarína í skógjafir og býr til facebook event.

Arna Þöll hefur yfirumsjón um aðila sem koma á markaðinn.

Herbert sér um að láta búa til skilti til þess að merkja markaðinn og setja upp.

Prenta merkingar á borðin á þykk blöð þar sem fram kemur logo fyrirtækisins ásamt því að fá fólk til þess að bera nafnspjöld á markaðnum.

Lagt var upp með að hittast 11:30 þann 2.desember upp í félagsheimili til þess að raða upp og merkja borðin.

Fleira ekki rætt.

Fund slitið 18:11